

Sveitarfélagið Álftanes
Gunnar Valur Gíslason
Bjarnastaðir
225 Bessastaðahreppur

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

C (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 31. janúar 2006
Tilvísun: UST20040700090/óaj

Tillaga að deiliskipulagi Norðurness á Álftanesi

Reiðstígar

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt deiliskipulagsupprætti þá er gert ráð fyrir þremur tegundum stíga, en einn þeirra er stígr sem þjóna á í senn hjóreiðafólki, gangandi vegfarendum og hestamönnum. Stofnunin bendir á að ekki fer vel saman umferð hestamanna og almenn umferð gangandi og hjólandi vegfarenda og telur að aðskilja eigi stíga fyrir þessa notendahópa.

Hesthúsabyggð

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 11 hesthúsum á Eyrinni og í skipulagsskilmálum er bent á að taðþrær skuli byggðar/staðsettir innan byggingarreitanna og æskilegt sé að yfir þeim séu skjólpök. Umhverfisstofnun bendir á að nauðsynlegt er að fram komi í deiliskipulagsskilmálum að hauggeymslur/taðþrær þurfa að vera lokaðar. Taka skal mið af starfsreglum um góða búskaparhætti, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 804/1999 um varmir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og einnig 6. gr. ofangreindra laga varðandi söfnun, geymslu og notkun búfjáráburðar.

Sjóvarnir

Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir áframhaldandi byggingu sjóvarnargarða, annars vegar er um að ræða 308 m langan kafla norðan Breiðabólsstaðartjarnar og hins vegar 350 m löngum kafla sem nær frá núverandi garði á norðvestanverðri Eyri að austasta tanga á Eyrinni. Gert er ráð fyrir að garðarnir verði í allt að 7,5 m hæð yfir sjó. Þegar þessum framkvæmdum er lokið er um að ræða einn sjóvarnargarð meðfram allri norðaustur ströndinni og er heildarlengd hans um 2 km.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að við gerð sjóvarna á norðanverðu Álftanesi verði þess gætt að sjóvarnirnar hindri ekki umferð fólks um fjöruna né torveldi aðgang að fjörunni þar sem möguleikar eru til útvistar neðan sjóvarna.


Samgöngur

Umhverfisstofnun barst sl. haust ábending varðandi fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi Álftanesi þess efnis að leggja ætti veg yfir Breiðabólsstaðartjörn og að þau grunngögn sem lögð hafi verið fram við endurskoðun aðalskipulagsins væru röng. Með bréfi sínu 10. október


2005 óskaði Umhverfisstofnun eftir álti sveitarfélagsins og rökstuðningi á því hvort ofangreind breyting á vegi samkvæmt skipulagi hafi í för með sér áhrif á tjörnina og/eða lífríki í og við hana. Einnig óskaði Umhverfisstofnun eftir skýringum á því af hverju verið væri að flytja veginn og ef það væri nauðsynlegt hvort ekki væri hægt að haga flutningi á veginum þannig að tjörnin yrði ekki fyrir raski. Þann 5. desember 2005 fengust þau svör að umfang tjarnarinnar væri það sama og ritað væri á skipulagsuppræði. Einnig var bent á að breyting á legu vegarins væri óveruleg. Vísað var til þess að í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands, Gróður og fuglalíf á Álfstanesi (04-012), væri hvergi nefnt að Breiðabólsstaðartjörn og lífríki hennar væri í hættu vegna áfomaðra framkvæmda.

Umhverfisstofnun fór á staðinn þann 4. janúar sl. og kannaði umfang tjarnarinnar. Að mati stofnunarinnar mun færsla vegarins eins og hún er sýnd í umræddu aðalskipulagi skerða umfang tjarnarinnar. Einnig bendir stofnunin á að í tilgreindri skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands er ekki tekin nein afstaða til áhrifa fyrirhugaðra framkvæmda við Breiðabólsstaðartjörn. Samkvæmt álti Guðmundar Guðmundssonar fuglafræðings hjá Náttúrufræðistofnun Íslands mun fyrirhuguð breyting á vegstæði hafa töluverð áhrif á fæðusvæði fugla við vatnið. Stofnunin telur að færa eigi veginn austar, þ.e. nær núverandi vegstæði, þannig að vegurinn skerði hvorki Breiðabólsstaðartjörn né votlendið í kringum hana.

Virðingarfyllst



Ólafur A. Jónasson
Sérfræðingur



Helgi Jónasson
Forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun